

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 87/2000**

**frá 27. október 2000**

**um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/1999 frá 17. desember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/5/EB frá 25. febrúar 2000 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **3200 L 0005:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/5/EB frá 25. febrúar 2000 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE (Stjtið. EB L 54, 26.2.2000, bls. 42).“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 54, 26.2.2000, bls. 42.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/5/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*E. Gerner*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.